

Matvælaráðuneytið

Reglur um úthlutun styrkja til verkefna og viðburða á málefnaviðum matvælaráðherra

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um styrkeitingar matvælaráðuneytisins á grundvelli 42. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, til verkefna og viðburða sem falla undir málefnavið ráðuneytisins.

Tilgangur reglnanna er að stuðla að vandaðri og samræmdri málsméðferð við úthlutun styrkja þannig að gætt sé jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða í hvívetna.

Meðferð og afgreiðsla umsókna um styrki skal enn fremur fara eftir reglum 42. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, reglugerðar nr. 642/2018, um styrkeitingar ráðherra, og stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við á.

2. gr.

Úthlutun styrkja.

Styrkir eru að jafnaði veittir tvisvar á ári að undangenginni auglýsingu samkvæmt 5. gr.

Heildarfjárhæð styrkja er samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni og er greidd af safnlið. Hver einstakur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur 10% af heildarfjárhæð styrkja hvers árs.

3. gr.

Styrkhæfi verkefna.

Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna eða viðburða til eins árs í senn.

Styrkhæf verkefni eru þau sem samræmast gildandi stefnu, markmiði og áherslum matvælaráðherra.

4. gr.

Matshópur.

Matshópur hefur það hlutverk að meta styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir málefnavið ráðherra almennt og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja.

Í matshópnum sitja skrifstofustjórar fagskrifstofa matvælaráðuneytisins ásamt aðstoðarmönnum ráðherra.

5. gr.

Auglýsingar.

Ráðuneytið auglýsir á vef ráðuneytisins eftir umsóknum um styrki að jafnaði í febrúar og september ár hvert.

Ráðherra getur ákveðið að leggja áherslu á ákveðin mál á verkefnasviði ráðuneytisins í hverri úthlutun og skal það þá koma fram í auglýsingu.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði og sjónarmið sem litið er til við mat á umsóknum, hvar og hvernig skuli sækja um, hvaða gögn skuli fylgja umsókn, reglur um styrkhæfi, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær stefnt sé að því að umsóknirnar séu afgreiddar.

6. gr.

Umsóknir.

Umsóknir skal senda rafrænt í gegnum umsóknarvef Stjórnarráðsins á slóðinni <https://minarsidur.stjr.is> á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsóknir sem berast utan tilgreindis umsóknarfrests eða eftir öðrum hætti en í gegnum eyðublaðavef verða ekki teknar til greina.

Umsóknir skulu vera rökstuddar og bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja umsóknum. Til þess að umsókn teljist fullnægjandi skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur,
- upplýsingar um aðra þáttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjur eru,
- upplýsingar um tengilið sem annast samskipti við ráðuneytið,
- nákvæm lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og málefnavið ráðherra,
- lýsing á því hvernig árangur verkefnisins verður metinn,
- tíma- og verkáætlun,
- fjárhagsáætlun, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur áður hlotið eða sótt hefur verið um til þess,
- staðfest gögn frá samstarfsaðilum, ef einhverjur eru,
- önnur gögn til stuðnings umsóknar skulu fylgja eftir því sem við á.

7. gr.

Viðmið við úthlutun.

Við mat á umsóknum og ákvörðun úthlutunar skal, auk þeirra skilyrða um styrkhæfi sem getið er um í 2. gr., taka mið af eftirfarandi atriðum:

- gildi og mikilvægi verkefnis fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks,
- gildi og mikilvægi fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks,
- nýnæmi og sérstöðu verkefnisins,
- hvort markmið verkefnisins séu skýr, hvernig markmiðum sem stefnt er að verði náð og hvernig árangur verkefnisins verði metinn,
- starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjenda og annarra þáttakenda,
- eigin framlagi umsækjenda og annarra til verkefnisins,
- fjárhagsgrundvelli verkefnisins og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

8. gr.

Úthlutun og skilmálar.

Matshópurinn gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjármuna til verkefna. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framlagðra gagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Við móttóku á styrk ábyrgist styrkþegi að honum verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem koma fram í reglum þessum eða eru tilgreindir sérstaklega í úthlutunarbréfi eða samningi.

Matvælaráðuneytinu er heimilt að binda styrkveitingar skilyrðum og gera við styrkþega samninga er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu, í heild eða að hluta, nema að uppfylltum skilyrðum sem kveðið er á um í slíkum samningum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur í slíkum tilvikum að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis, ásamt fjárhagsuppgjöri.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn.

9. gr.

Upplýsingagjöf, uppgjör og endurkröfuréttur ráðuneytis.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegum er skyldt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum og skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Verði brestir á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Styrkþegi skal þá endurgreiða ráðuneytinu styrkinn.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið, eða verði ekki, nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta, ásamt kostnaði við innheimtu. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

10. gr.

Kynningarefni tengt verkefni.

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv., sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af matvælaráðuneytinu.

11. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar með vísan til 5. gr. reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 6 42/2018, sbr. 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, og taka þegar gildi.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
matvælaráðherra

Bryndís Hlöðversdóttir
Bryndís Hlöðversdóttir
ráðuneytisstjóri

